

STARFSÁÆTLUN ÆSKULÝÐSSAMBANDS ÞJÓÐKIRKJUNNAR FYRIR ÁRIÐ 2016

Námskeið

ÆSKP hefur tekið þátt í Haustnámskeiðum kirkjunnar sem eru iðulega skipulögð í samstarfi við ÆSKR, Kjalarnesprófastdæmi, Biskupsstofu og KFUM/K.

Námskeiðið er meðal annars hugsað til að koma starfi vetrarins í gang í hverjum söfnuði og stuðla að faglegum áherslum.

Námskeið fyrir presta, djákna og æskulýðsfulltrúa er á dagskrá í nóvember í samstarfi við ÆSKR, Kjalarnessprófastsdæmi og Biskupsstofu.

Stefnt er að því að bjóða aftur upp á Grunnnámskeið fyrir leiðtoga í æskulýðsstarfi, en námskeiðið var fellt niður á síðasta ári vegna ónógrar þátttöku.

Farskóli Leiðtogaefna

Stefnt er að útskrift úr Farskóla leiðtogaefna 16. mars næst komandi. Farskólinn er samstarfsverkefni ÆSKP, ÆSKR og Biskupsstofu. Hann sækja ríflega tuttugu nemendur á þessu starfsári. Skólastjóri er Jónína Sif Eyþórsdóttir. Áætlað er að Farskólinn hefjist síðan á ný á haustmánuðum.

Æskulýðsdagurinn

ÆSKP tók að sér að sjá um efnisgerð fyrir æskulýðsdag Þjóðkirkjunnar sem haldinn verður þann 7. mars nk. Yfirskrift æskulýðsdagsins er: „Í Biblíunni eru engir dýrlingar ... bara fólk að fylgja Guði“. Í efninu verður kafað dýpra í fjórar persónur úr Biblíunni og velt vöngum yfir ólíkum hliðum á aðstæðum þeirra. Hverri persónu fylgja þrjár hugleiðingar sem miða að ólíkum aldursbilum, leikrit sem varpa ljósi á aðstæður þeirra og myndir sem hægt er að nota til kynningar og frásagnar í guðsþjónustum æskulýðsdagsins. Efnið er aðgengilegt ásamt teikningum inni á Efnisveitu Kirkjunnar.

Easter Course

Í ár verður Easter Course haldið af European Fellowship í borginni Cluj-Napoca í Transylvaníu í Rúmeníu vikuna 20.-27. mars nk. Easter course er skemmtileg blanda af sumarbúðum, leiðtogaþjálfun og ferðalagi fyrir ungt fólk í kristilegu starfi á aldrinum 18-25 ára. Þátttakendur koma víðsvegar að úr Evrópu. ÆSKP má senda 10 þátttakendur en umsóknarfrestur rennur út þann 1. mars.

Kirkjuþing unga fólksins

ÆSKP hefur sinnt undirbúningi og framkvæmd Kirkjuþings unga fólksins í samstarfi við fulltrúa á Biskupsstofu og verður svo aftur í ár. Verkefnastjóri í ár verður Sigríður Rún Tryggvadóttir. Kirkjuþing mun fara fram 30. apríl

Gleðigangan

ÆSKP stefnir að því að taka þátt í gleðigöngunni þriðja árið í röð.

Landsmót

Landsmót er stærsta verkefni ÆSKÞ, bæði hvað varðar umfang og vinnu. Stefnt er að því að Landsmót 2016 verði haldið dagana 21 – 23. október 2016 á Akureyri. Dagsetning og staðsetning er þó enn óstaðfest. Undirbúningur er á byrjunarstigi og verið er að tryggja að aðstaða fyrir jafn stórt landsmót og hefur verið undanfarin ár sé til staðar. Yfirskrift mótsins verður „Flóttamenn og fjölmennig.“